

4. gr.

Ekki má skerða sjóðinn til fjárveitinga af stofni hans.

5. gr.

Fé það, sem stofnandi sjóðsins kann að leggja síðar meir í hann, bætist við stofnfé hans, ásamt því, sem eftir kynni að verða að honum látnum.

6. gr.

Hætti ofanefnt félag störfum hér á landi, rennur fé sjóðsins til líknar blindu fólki í landinu, svo fremi, að ekki teljist brot á allsherjarlögum Guðspekifélagsins.

7. gr.

Stjórn Guðspekifélagsins skipar stjórn sjóðsins til sjö ára í senn, þremur mönnum og tveimur til vara, og skal forseti Guðspekifélagsins ávallt vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan og sér hún um reikningshald hans og semur árlegan reikning, sem endurskoðaður skal jafnframt reikningum Guðspekifélags Íslands.

8. gr.

Verði útbreiðslustarfsemin eittvert árið með minna móti, er stjórninni heimilt að láta vextina renna í stofnsjóð eða ef hún telur af einhverjum öðrum ástæðum rétt að auka sjóðinn.

9. gr.

Sjóður þessi skal geymdur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands, og má ekki veðsetja hann.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds, og Margrétar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds,
og Margrétar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Friði Símonardóttur Andersen, Karlslundevej 1 A í Kaupmannahöfn, til minningar um foreldra hennar, Símon Bjarnason og Margréti Sigurðardóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er danskar krónur 2000.00, með dagsgengi 1/8 1962 6.23.16, að fjárhæð í íslenskum krónum 12463.20.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Starfsemi hans er í Goðdallasókn í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, sbr. þó ákvæði 4. greinar.

Stjórn sjóðsins og endurskoðendur skulu kjörin af eftirgreindum aðilum, er skulu hafa umsjón hans og forsjá:

Húsmæður í Goðdallasókn kjósa formann sjóðsstjórnar, sóknarnefnd Goðdallasóknar og stjórn Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps kjósa hvor sinn meðstjórnanda.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna og styðja með öðrum hætti, sbr. 5. grein, þjóðlega heimilismenningu í Goðdallasókn og öllum Lýtingsstaðahreppi, þá er sjóðurinn hefur vaxið það að dómi sjóðsstjórnar, að honum telst fært að færa út starfssvið sitt.

5. gr.

Tilgangi sjóðsins skal reynt að ná með því að verðlauna þau heimili, sem til fyrirmyndar eru um hvers konar þjóðlega heimilismenningu, þar sem saman fer smekkvísi í húsbúnaði, umgengni utan húss og innan, er til fyrirmyndar þykir, og einkum þó þau heimili, er komið hafa upp fögrum og smekklefum blóma- og trjá-görðum, sem vel eru hirtir.

Þá er geta sjóðsins leyfir að dómi sjóðsstjórnar, er og heimilt að veita af tekjum hans framlög til einstakra heimila til að ná þessum markmiðum.

6. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan jafntryggilegan hátt.

Leggja skal helming vaxta við höfuðstól sjóðsins, svo og það fé, sem sjóðnum síðar kann að áskotnast með gjöfum, áheimum eða á annan hátt.

Öðrum hluta vaxta skal varið til verðlauna samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður fjárhæð verðlauna, og hvort fleiri heimili en eitt hljóti verðlaun hvert ár. Við afhendingu verðlauna skal fylgja skrautprentað skirteini, þar sem tilgreindir eru verðleikar þeirra, sem verðlaunin hljóta.

8. gr.

Megintilgangi sjóðsins, samkvæmt 4. grein, má aldrei breyta. Aðrar breytingar á skipulagsskránni, sem síðar kunna að þykja nauðsynlegar, má þó því aðeins gera, að til komi einróma samþykki sjóðsstjórnarinnar.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 30. ágúst 1962.

Fyrir hönd og í umboði Friðar Símonardóttur Andersen,

Pálmi Einarsson.